

Snæfellsbær
b/t Davíð Viðarsson
Snæfellsási 2
360 Snæfellsbær

Reykjavík 9. mars 2020
UST202002-036/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015 – 2031 og nýtt deiliskipulag - Golfvöllur sunnan Rifs

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsbæjar er barst 4. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að aðalskipulagsbreytingu og nýju deiliskipulagi vegna golfvallar sunnan Rifs í Snæfellsbæ.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhuguð breyting varðar nýjan golfvöll sunnan Rifs, en í gildandi aðalskipulagi var gert ráð fyrir golfvelli sunnan Hellissands. Breytingin gengur út á að 43 ha óbyggt svæði verði íþróttasvæði.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn dags. 25. nóvember 2019 til Skipulagsstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Náttúruminjar

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið, sem tillagan nær til, er á náttúruminjaskrá og nefnist Utanvert Snæfellsnes og er víðfeðmt svæði og er númer 223 sem aðrar náttúruminjar.

Umhverfisstofnun telur að tillagan hafi ekki áhrif á verndargildi svæðisins.

Ásýnd og rask

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin runnamýrarvist sem er með mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerð sem þarfnast verndar. Á svæðinu er einnig stinnastararvist og lyngmóavist á láglandi.

Í runnamýrarvist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; spói (*Numenius phaeopus*), lóupræll (*Calidris alpina*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), stelkur (*Tringa totanus*), kjói (*Stercorarius*

parasiticus), heiðlóa (*Pluvialis apricaria*) og einnig grágæs (*Anser anser*) nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóa og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.


Umhverfisstofnun telur umhverfisáhrif vegna gerð golfvalla vera þónokkur þar sem hann muni raska mólendi og þar af leiðandi varpsvæðum mófugla. Auk þess muni ásýnd svæðisins breytast þar sem mólendi, graslendi, votlendi og moslendi muni víkja fyrir manngerðum brautum golfvallarins.

Umhverfisstofnun tekur undir þær mótvægisáðgerðir sem listaðar eru upp í deiliskipulagstillögunni þar sem m.a. segir að endurmótun lands verði í algjöru lágmarki og þar af leiðandi röskun á búsvæðum fugla, áburðargjöf verði haldið í lágmarki og að deiglendi verði haldið ósnortnu.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur